



MED II B3004E

Sjúkrarúm

days
Healthcare



Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8

220 Hafnarfjörður

Sími 565 2885 / Fax 565 1423

stod@stod.is / www.stod.is

Almennar upplýsingar og öryggi.

Tákn notuð.

Þessi tákn gefa til kynna áriðandi upplýsingar varðandi notkun og öryggi við notkun rúmsins



Áriðandi upplýsingar



Hætta á meiðslum vegna hreyfanlegra hluta

Almenn notkun.

- **Days Healthcare** sjúkrarúm eru ætluð til notkunar við heimahjúkrun, á hjúkrunarheimilum og á endurhæfingastofnunum.
- Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar vel og sjáið til þess að aðrir sem koma að notkun rúmsins þekki notkun þess.



Slyshætta!

- Athugið ávallt ástand rafmagnssnúra og tengla áður en rúmið er tekið í notkun.
- Athugið burðargetu rúmsins og þyngd notandans - MED II B3004E = 200 kg.
- Notið rúmið aðeins ef allir hlutar þess eru í fullkomnu lagi.
- Áriðandi er að laga allar bilanir sem hafa áhrif á hreyfingar og öryggi rúmsins um leið og þær koma fram.
- Hafið rúmið alltaf í lægstu stöðu þegar það er án eftirlits.
- Hafið alltaf hjólalæsingar á þegar rúmið er skilið eftir án eftirlits.
- Læsið ávallt öllum hjólum rúmsins.
- Notið aðeins þá aukahluti sem viðurkenndir eru af **Days Healthcare**.



Rafmagn!

- Athugið ávallt að rafmagnssnúrum sé þannig komið fyrir að ekki sé hætt á að keyrt sé yfir þær þegar rúmið er fært til eða aðrir aukahlutir s.s. rúmborð, lyftarar og hreinsitæki eru notaðir við eða nálægt rúmi.
- Athugið ávallt að rafmagnssnúrum verði ekki á milli rúm hluta, varnið klemmu, snúning, teygju og hnúta á rafmagnssnúrum.
- Takið rúmið úr sambandi ef það er ekki notað í langan tíma.
- Rúmið má ekki notast í rími þar sem hætt á myndun gas eða eldfimra gufa.



Varðandi hjúkrun og aðstoðarfólk

- Framkvæmið eða notið ekki rafræn lækningatæki þegar sjúklingur er tengdur við hjarta- og/eða æðalækningatæki þegar hann er í rúminu.
- Notið ekki rúmið í nálægð við sterk rafsegulsvið s.s. stór lækningatæki.
- Stingið aðal rafmagnssnúru rúmsins ávallt beint í tengil straumgjafa - án millisnúru.
- Komið rafmagnssnúru ávallt fyrir þannig að engin hætt sé á að keyrt sé yfir hana.
- Vinsamlega kynnið ykkur notkun rúmsins og samsetningu þegar utanaðkomandi búnaður er notaður, sérstaklega varðandi þá hættu sem kann að skapast við notkun þeirra við rúmið.
- Ef sjúklingi er ekið í rúminu á milli staða, hafið rúmið ávallt í lægstu stöðu með hliðarrimar í efstu stöðu.

Notkun handstýringar og tákn.

Læsing / aflæsing handstýringar

Hægt er að læsa handstýringu og er það gefið til kynna með ljósum (1 og 2)


Ljós merkt "Power On" (1) þýðir að straumur er á rafkerfi rúmsins.

Þegar slökkt er á lás ljósi er handstýringin læst.

Til að læsa eða aflæsa handstýringu er flata enda lykils strokið þvert yfir handstýringu (a) þar sem lás táknið er.

Þegar bæði ljós lýsa er handstýringin ólæst og tilbúin til notkunar. (1 og 2)

ATH. Handlæsing er alltaf læst þegar rúmið er sett í samband eða ef straumur fer af og kemur á aftur.




Tákn og virkni handstýringar

⚠ Ljós efst á fjarstýringunni lýsir þegar ýtt er á aðgerðar takkann

⚠ **Bilunar aðvörun.**


- Ljós lýsir ekki þegar ýtt er á aðgerðar takka = bilun í stjórnkerfi
- Ljós lýsir stöðugt án þess að ýtt sé á aðgerðar takka = bilun í stjórnkerfi.

Virkni aðgerðar-rofa




* **Samhæfing** — Hreyfing fót- og höfuðhluta er samhæfð þegar ýtt er á hækkun / lækkun. Flyti virkni aðgerða.

Rúmhlutar og hugtök



Mynd 1




Hliðarimar


Mynd 1 –samsetning og yfirlit festinga fyrir hliðarimar.

Mynd 2

Hliðarimar (1) eru renndar inn í sleða í göflunum með plast festingu. (**Mynd 1 nr. 4**) Hnappar (2) í hlið rúmgaflla læsa hliðarimum í efri eða neðri stöðu. Hnöppum er ýtt inn til að opna læsingu. Hægt er að fjarlægja hliðarimar með því að opna fyrir neðri læsingu og renna plastfestingunni úr sleðanum. Gætið að festingunni og þægilegast er að lyfta rúmbofninum upp um 5 sm fyrst.



Mynd 2




Hreyfigeta rúms / Málsetning

Höfuðgafi allt að 70°

Fótgafi allt að 20° lárétt staða

Minnsta hæð - Gólf / rúmbotn 40 sm

Mesta hæð - Gólf / rúmbotn 80 sm



Rúmbotn.


Mynd 1.

MED II er með fjórskiptum rúmbotni.

Tréþjöðrum í rúmbotni má þrifa með sápuvatni og þeim er fest í rammuna með plastsmellum.

Rúmdýnu er fest örugglega á milli rúmbotns stýringa (nr. 1) sem standa upp úr rúmbotni


Höfuðhluti (nr. 2) er með möguleika á allt að 70° rafdrifni hækkun en fóthluti (nr. 3) er með allt að 20° hækkun.



Mynd 1

Mynd 2.

Fóthluti (nr.3) er með sjálfvirka læsingu til að ná fóthluta upp í lárétta stöðu um leið og hækkað er. Sjálfvirka læsingin (nr. 1) virkar þannig að fóthluta er lyft upp um 10° og lækkaður aftur þar til smellur heyrir. Lyftist þá fóthluti upp í lárétta stöðu. Einnig er hægt að velja um tvær aðrar læstar stöður með því að lyfta fóthluta lengra upp en þá fer fóthluti ekki í lárétta stöðu. Læsing fer aðeins af ef fóthluti er lækkaður alveg niður




Mynd 2

Stilling sethluta rúmbotns - stífleiki

Hægt er að stilla stífleika tréþjöðrana á sethluta rúmbotns. Þetta er gert með því að færa plastfestingar utan um fjaðrirnar út eða inn á við.

Út á við (+) = aukin stýfing

Inn á við (-) = minnkuð stýfing.



Mynd 3


Hjólalæsingar og snúningsstopp

Læsingar eru settir á með því að ýta/stíga á hemilhluta (a) og teknir af með því að ýta/stíga á hemilhluta (b) (sjá mynd)

Læsingarnar hafur bæði áhrif á hjól og snúning hjóls.




Áður en hjólum er læst skal hjólum snúið langsúms eftir undirstelli. Gætið þess að snúa hjólum þannig að auðvelt er að ná í hjólalæsingar.



Rúmgálgi.

Rúmgálga (1) er stungið í þar til gerðar festingar í horni rúmbotns við enda höfuðgafls. (2) Festingar eru bæði hægra og vinstra megin. Þríhyrningi (3) er smeygt upp á rúmgálga og athugið að gúmmí festing sé örugglega á réttum stað á gálganum. Borðinn er síðan stilltur í rétta lengd.



Athugið að í festingu fyrir rúmgálga (2) er stýring sem rör (1) gálgans verður að læsast í.




Akstur og flutningur.

Athugið við flutning einstaklings í rúminu skal einstaklingurinn vera í liggjandi stöðu.

Athugið að ef rúmgálga er fest á rúmið að gæta að utanaðkomandi hlutum s.s. loftljósum o.fl.

Áður en flutningur fer fram;

- ➔ Hafið rúmið í neðstu stöðu.
- ➔ Hafið höfuð og fóthluta í sem lægstu stöðu.
- ➔ Lyftið og læsið örugglega hliðar rimum í efstu stöðu.
- ➔ **Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.**
- ➔ Aflæsið hjólum og gangið þannig frá rafmagnssnúrum að engin hætta sé á að snúrurnar lendi undir hjólum í akstri.



Öryggisatriði

Stjórnkerfi

Stjórnkerfið er útbúið öryggisbúnaði sem kemur í veg fyrir ofálag.

- Rofar slökkva sjálfvirkt á móturum þegar þeir ná endatakmörkunum



- Hitanemar slökkva á stjórnkerfi en það ofhitnar.

Stjórnkerfið er hægt að virkja aftur eftir

u.þ.b

20-30 mínútna bið.

**ATHUGIÐ. Sjúkrarúm hafa ekki neyðar-
rofa til að slökkva á kerfinu**
Takið rúmið úr sambandi í neyð

Neyðarlækkun á höfuðhluta

Höfuðhluta rúmsins er hægt að hækka eða lækka með því að taka splittpinna rafmótors úr augafestingunni, við bilun í rafmótor.



ATH - HÆTTA!

Það þarf tvo hjálparmenn til að framkvæma neyðarlækkun

→ Framkvæmd neyðarlækkunar:





- (1) Annar aðilinn lyftir aðeins undir höfuðhlutann og losar þannig spennuna af splitt pinnanum.
- (2) Hinn aðilinn opnar splittið(1) og dregur pinnann úr festingunni (2).
- (3) Hægt og rólega látið höfuðhlutann síga niður.

→ Splitt pinnum komið fyrir aftur

- (4) Látið rafmótorinn keyra út kólfinn eins langt og hann kemst með því að ýta á takan á hand-Stýringunni - "Lækkun höfuðhluta"

Komið splitt pinnanum fyrir í augafestingum á rúmbotninum.

Stjórnkerfi



hand set



Öryggisatriði.



Klemmu hætta!

Athugið hugsanlega hættu að fingur eða útlímur lendi á milli hreyfanlegra hluta. Hætta á klemmu er til staðar við öll liðamót rúmsins og í rúmbotni. Gætið sérstaklega að dýna sitji rétt í festingum.

Athugið þegar stillingar eru notaðar:

- ➔ Áður en rúmstillingar eru notaðar hafið fullvissu um að ekkert geti hindrað hreyfingar rúmsins.
- ➔ Forðist að keyra (nota) rafmótora stanslaust í meira en 2 mínútur í einu.
- ➔ Notið aðeins tvo rafmótora í einu.
- ➔ Hafið rúmið í lægstu stöðu þegar engin aðstoð er nálægt og eins þegar farið er í og úr rúmi.



Rafmagn - Aðal straumur.

- ➔ Stingið rúminu beint í samband við vegg, án millisnúru.
- ➔ Aðal straumsnúra má ekki klemmast á milli. Komið snúru þannig fyrir að enginn hætta á að hún klemmist á milli eða verð undir hjólum. Einnig að snúra dragist ekki út úr vegg kló.
- ➔ Notið aðeins straum 220V—230V ~ /50Hz og innstungur sem auðvelt er að komast að.
- ➔ Athugið hvort að aðal straumsnúra, kló og innstunga sé í fullkomnu lagi áður en rúmið fer í notkun.



ATHUGIÐ. Sjúkrarúm hafa ekki neyðarrofa til að slökkva á kerfinu
Takið rúmið úr sambandi í neyð